



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. P 128/640
komudagur 12.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík 11.12.2002.

Með bréfi ráðuneytisins dags. 6. desember s.l. er þess farið á leit, að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög, 396.mál.

Um er að ræða ný heildarlög. Af nýmælum í frumvarpinu er það helst afnám innlausnarskyldu sem máli skiptir. Telja verður að með afnámi innlausnarskyldu sé verið að flytja verulega áhættu af húsnæðissamvinnufélögum og yfir á búseturéttarhafa. Innlausnarskyldan sem slík, gefur tilefni til þess að nokkuð strangar reglur gildi um meðferð þeirrar eignar sem í hlut á og réttlætir meiri afskipti húsnæðissamvinnufélagsins af t.d. viðhaldi og endurbótum sameignar, séreignar. Afnám þessa réttar gefur á hinn bóginn tilefni til þess að nokkuð verði losað um og að ábyrgð búseturéttarhafa verði aukin enda getur hann hagnast beint og hefur aukinna hagsmuna að gæta af því að vel sé um eignina gengið, viðhald sé gott og endurbætur framkvæmdar fljótt og vel. Frumvarpið virðist ekki samið með þessi sjónarmið í huga t.d. hvað varðar sameiningu viðhaldssjóða sem að sjálfsögðu er eðlileg ef innlausnarskylda er á húsnæðissamvinnufélagi.

ASÍ telur að taka þurfi tillit ofanritaðra sjónarmiða og að á meðan það sé ekki gert, verði innlausnarskyldan ekki afnumin.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.